

Starf talmeinafræðings á BUGL

Barna- og unglingsgeðdeild Landspítala (BUGL) veitir börnum og unglingsum með geð- og þroskaraskanir margs konar þjónustu. Fjölbreyttur hópur fagaðila starfar þar og má þar nefna sálfræðinga, listmeðferðarfræðinga, hjúkrunarfræðinga, lækna, félagsráðgjafa, næringarfræðinga, sjúkraliða, þroskaþjálfara, iðjuþjálfara, heilbrigðisgagnafræðinga og talmeinafræðinga. BUGL samanstendur af tvenns konar deildum; legudeild og göngudeild. Á legudeild leggjast börn og unglingsar inn bæði í lengri meðferðarinnlagnir og í bráðatilvikum. Á göngudeild fer fram ítarleg greiningarvinna og fá börn, unglingsar og/eða fjölskyldur þeirra meðferð í kjölfar hennar. Þau mæta þá gjarnan á göngudeildina vikulega í viðtöl, þjálfun eða annars konar úrræði.

Stór hluti barna sem glíma við hegðunar- og tilfinningalega erfiðleika eru með undirliggjandi málþroskavanda. Þau börn þurfa á greiningu og meðferð talmeinafræðings að halda, þá sérstaklega ef þau greinast með alvarlega málþroskaröskun.

” Stór hluti barna sem glíma við hegðunar- og tilfinningalega erfiðleika eru með undirliggjandi málþroskavanda.

Hlutverk talmeinafræðings í starfsemi BUGL er því afar mikilvægt. Helstu áskoranir í því starfi liggja í skorti á matstækjum til að meta málþroska barna á unglingsaldri. Flest matstækjanna sem eru í notkun eru orðin gömul og úrelt eða ekki til stöðluð fyrir



Jensína Kjerúlff
Kristinsdóttir
talmeinafræðingur MS

íslensk börn. Þá er mikilvægt að hafa góðar bakgrunnsupplýsingar frá foreldrum og öðru fagfólki, styðjast við spurningalista og jafnvel taka málsýni. Við mat á málþroska hjá börnum og unglingsum sem eru í þjónustu á BUGL er klínískt innsæi afar mikilvægt og hafa þarf í huga að vandi þessa hóps getur verið mjög flókin. Ýmist þarf að taka tillit til einkenna á einhverfurófi, ADHD, vitsmunapróska og/eða fjölyngis.

Innan BUGL starfa ýmis teymi og er talmeinafræðingur hluti af mörgum þeirra, þar má nefna Greiningarteymi, Taugateymi og Meðferðarteymi. Einungis einn talmeinafræðingur er starfandi á BUGL eins og staðan er í dag. Fljótlega mun talmeinafræðingur BUGL einnig teygja anga sína inn í Transteymið þar sem mikil þörf er á þjálfun og ráðgjöf varðandi rödd skjólstaðinga í því teymi. Talmeinafræðingur hefur einnig aðkomu að málum skjólstaðinga á legudeild BUGL, hvort sem það er greiningarvinna eða meðferðarvinna. Það helsta sem talmeinafræðingur gerir er að hitta börn og unglingsa og leggja fyrir málþroskamát, vinna úr niðurstöðum, skrifa nótur og skýrslur. Þá þarf að bóka fund með foreldrum/forsjáradilum til að skila niðurstöðum og skýrslu. Eftir þetta ferli tekur við þjálfun talmeinafræðings innan BUGL ef þörf er talin á slíku. Jafnframt situr talmeinafræðingur reglulega fundi með aðilum úr nærumhverfi barnsins, svokallaðir þjónustuteymisfundir. Slíka fundi sitja þau sem koma að málum barnsins, t.d. starfsfólk úr skóla barnsins, barnaverndarstarfsmenn, sálfræðingur og fleiri aðilar sem barnið sækir þjónustu til. Talmeinafræðingur fundar einnig vikulega með þeim teyimum sem hann er hluti af og er það

mjög mikilvægt til að allir sem vinna að sömu málum séu með á nótunum. Talmeinafræðingur á BUGL sér einnig um einhverfufræðslu fyrir börn/unglinga ásamt öðrum fagaðilum. Fræðslan er einu sinni í viku, fjórar vikur í senn fyrir hvern hóp.

Þegar barn greinist með málþroskaröskun DLD eða aðra erfiðleika í máli þurfa þau aðkomu talmeinafræðings. Mikilvægt er að barnið/

unglingurinn geti fengið hjálfun á BUGL þar til það kemst að hjá sjálfstætt starfandi talmeinafræðingi á stofu eða fær annars konar þjónustu talmeinafræðings í heimabyggð. Þjálfun talmeinafræðings á BUGL er þannig háttáð að börnin mæta vikulega í tíma á göngudeild BUGL en einnig hafa þau kost á að velja fjarþjálfun ef þau búa úti á landi eða ef slíkt hentar þeim almennt betur. ■

